

Stofnverndarsjóður til framtíðar  
– markmið og mikilvægi.

Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins er öllu rannsóknarstarfi og þróunarverkefnum í hrossarækt afar mikilvægur. Það er ekki um auðugan garð að gresja er kemur að fjármagni í hrossarækt, það er því mikilvægt að sjóðurinn geti starfað áfram og hafi fjármagn til að styrkja verkefni svo um það muni. Sjóðurinn starfar samkvæmt reglugerð nr. 1123/2015. Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt sem skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans.

Allt rannsóknarstarf er íslenskri hrossarækt afar mikilvægt, ekki einungis til að styrkja hrossaræktina sem slíka; t.d. í því augnamiði að auka á erfðaframarir, bæta mat á kynbótagripum og kynbótagildi þeirra og bæta upplýsingarflæði til hrossaræktenda í gegnum WorldFeng (upprunaættbók íslenska hestsins), heldur einnig styðja rannsóknir á hestinum og þekkingaröflun við allt markaðsstarf í hrossarækt. Stofnverndarsjóður hefur verið þessu starfi öllu afar mikilvægur og ef skoðað er hvaða verkefni sjóðurinn hefur styrkt á undanförunum árum sést það vel og hafa þau verkefni sannarlega fallið undir markmið sjóðsins.

Sem dæmi um verkefni sem sjóðurinn hefur styrkt á undanförunum árum eru rannsóknarverkefni nemenda í doktors- og meistaranámi. Hvað doktorsverkefni varðar má nefna verkefni frá Landbúnaðarháskóla Íslands um þróun kynbótamats fyrir íslenska hestinn og tengsl byggingar og hæfileika hans. Einnig var doktorsverkefni styrkt sem var unnið við Hólaskóla og Landbúnaðarháskóla í Svíþjóð (SLU) sem snéri að þjálfunarlífeðlisfræði íslenska hestsins.

Þá hefur WorldFengur verið styrktur á undanförunum árum og þróun hans en WorldFengur er gagnabanki um íslenska hestinn sem er einstakur á heimsvísu enda heldur hann utan um ættir, dóma og mikilvægar upplýsingar um íslenska hestinn hvar sem hann er staddur í heiminum. Stuðningur við WorldFeng styður því við ræktun íslenska hestsins á heimsvísu.

Þá má nefna dæmi um þýðingu Hólaskóla á Knapamerkjabókum. Knapamerkjabækurnar eru afar markvisst, skipulagt og faglegt námsefni um íslenska hestinn sem tekur á reiðmennsku, fóðrun og umhirðu hestsins. Það er því mikilvægt að koma þessu efni yfir á ensku þar sem það styður við aukna þekkingu almennings á hestinum og getur aukið á útbreiðslu hans, enda eftirspurn eftir þessu námsefni erlendis. Það er auk þess mikilvægt að Ísland sé leiðandi í útgáfu á kennsluefni um íslenska hestinn sem upprunaland hestsins og óvíst hvort þetta verkefni hefði orðið að veruleika nema með stuðningi Stofnverndarsjóðs.

Fyrir utan þessi verkefni hefur sjóðurinn styrkt fjölmörg verkefni sem hafa aukið við verðmæta þekkingu á hestinum, s.s. rannsóknir á efnaskiptum og sjúkdómum í íslenska hestinum en þar má nefna rannsóknir á spatti og drómasýki og rannsóknir á hreyfingafræði hestsins.

Af framansögðu má sjá að Stofnverndarsjóður hefur á undanförunum árum styrkt við mikilvæg verkefni í íslenskri hrossarækt. Það er því ósk Félags hrossabænda og Bændasamtaka Íslands að jákvætt verði tekið í fyrirbyggjandi beiðni um að hækka það gjald sem tekið er af hverju útfluttu hrossi og rennur í sjóðinn, enda eini tekjugrunnur hans.

## Samþykktar styrkveitingar úr Stofnverndarsjóði íslenska hestsins

Árin 2012 – 2017.

Afgreitt af fagráði í hrossarækt og staðfest af stjórn Bændasamtaka Íslands sbr. ákvæði reglugerðar 1123/2015 (áður 470/1999) sem sett er á grundvelli búnaðarlaga nr. 70/1998

### **2012:**

Háskólinn á Hólum – Þjálfunarlífeðlisfræðirannsóknir á íslenska hestinum við Háskólann á Hólum. (1)

*Ábyrgðaraðili: Guðrún Stefánsdóttir.*

2.000.000

Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri – Staða upprunalandsins í alþjóðlegri ræktun íslenskra hrossa.

*Ábyrgðaraðili: Ágúst Sigurðsson.*

1.000.000

Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum - Rannsóknir á þróun gammaherþessýkinga í hrossum.

*Ábyrgðaraðili: Vilhjálmur Svansson.*

400.000

### **2013:**

Háskólinn á Hólum – Þjálfunarlífeðlisfræðirannsóknir á íslenska hestinum við Háskólann á Hólum.(2)

*Ábyrgðaraðili: Guðrún Stefánsdóttir.*

1.500.000

Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Hólum – Hlutlægt mat á hreyfingum og gangtegundum íslenska hestsins.

*Ábyrgðaraðilar: Ágúst Sigurðsson og Víkingur Gunnarsson.*

600.000

### **2014:**

Tannheilbrigði íslenskra keppnishesta.

*Ábyrgðaraðili/Umsækjandi: Sonja Lindal Þórisdóttir.*

400.000

Landbúnaðarháskóli Íslands - Mat á föstum hrifum sýninga við kynbótadóma íslenska hestsins og samanburðarhæfni kynbótadóma í mismunandi aðildarlöndum FEIF.

*Ábyrgðaraðili: Elsa Albertsdóttir.*

200.000

Háskólinn á Hólum - Þjálfunarlífeðlisfræðirannsóknir á íslenska hestinum (3)

*Ábyrgðaraðili: Guðrún Stefánsdóttir.*

2.000.000

**2015:**

Háskólinn á Hólum - Þjálfunarlífeðlisfræðirannsóknir á íslenska hestinum.(4)

*Ábyrgðaraðili: Guðrún Stefánsdóttir.*

1.000.000

Bændasamtök Íslands - Worldfengur – Skeiðgen með DNA, framþróun við DNA verkefni.

*Ábyrgðaraðili: Þorberg Þorbergsson.*

600.000

Erfðarannsókn á drómasýki í íslenska hestinum.

*Ábyrgðaraðilar/umsækjendur: Freyja Imsland og Carl-Johan Rubin.*

1.500.000

Bændasamtök Íslands - Þróun á kynbótamati íslenska hestsins.

*Ábyrgðaraðili: Elsa Albertsdóttir.*

2.000.000

Háskólinn á Hólum - Áhrif holdastigs íslenskra hesta á efnaskipti, þrek, jafnvægi í hreyfingum og endurheimt.

*Ábyrgðaraðili: Vikingur Gunnarsson.*

1.500.000

Háskólinn á Hólum - Þýðing og prentun á Knapamerkjabókum.(1)

*Ábyrgðaraðili: Hlín M. Jóhannesdóttir.*

6.000.000

Bændasamtök Íslands - WorldFengur – Snjalltækjavæðing á worldfengur.com.

*Ábyrgðaraðili: Þorberg Þorbergsson.*

2.000.000

Könnun á mati á eiginleikanum vilji og geðslag í kynbótadómi í íslenskri hrossarækt.

*Ábyrgðaraðili/Umsækjandi: Heiðrún Sigurðardóttir.*

150.000

**2016:**

Virgni mismunandi méla og líffræðileg áhrif þeirra á munn hesta.

*Ábyrgðaraðilar/umsækjendur: Sigríður Björnsdóttir og Torbjörn Lundström.*

1.000.000

Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum - Rannsókn á veiruskitu í folöldum:

*Ábyrgðaraðilar: Vilhjálmur Svansson og Sigríður Björnsdóttir.*

1.100.000

Hólaskóli, Háskólinn á Hólum - Hreyfingafræði íslenska hestsins: Ræktun, þjálfun, velferð.  
*Ábyrgðaraðili: Vikingur Gunnarsson.*  
4.000.000

Mátis ohf. og Bændasamtök Íslands - Fjölgun erfðamarka í Worldfeng fyrir stóðhesta.  
*Ábyrgðaraðilar: Steinunn Magnúsdóttir, Guðbjörg Ólafsdóttir og Þorberg Þorbergsson.*  
2.000.000

Hólaskóli, Háskólinn á Hólum - Effect of body condition on metabolism, performance and recovery in Icelandic horses.  
*Ábyrgðaraðilar: Einar Ásgeirsson og Tanja Rún Jóhannsdóttir.*  
300.000

Hólaskóli, Háskólinn á Hólum - Þýðing og prentun á Knapamerkjabókum (2)  
*Ábyrgðaraðili: Hlín M. Jóhannesdóttir.*  
4.200.000

Bændasamtök Íslands og Kristín Halldórsdóttir - Gagnabanki og upplýsingaveita um íslenska hrossalíti (1)  
*Ábyrgðaraðilar: Kristín Halldórsdóttir og Þorberg Þorbergsson.*  
1.400.000

**2017:**

Bændasamtök Íslands. Þróun ræktunarmarkmiðs og dómskerfis í íslenskri hrossarækt.  
*Ábyrgðaraðili: Elsa Albertsdóttir.*  
2.000.000

Tilraunastöð H.Í. í meinafræði að Keldum. Heilraðgreining á erfðaeftni EHV-3 veiruræktar úr íslensku hrossi.  
*Ábyrgðaraðili: Vilhjálmur Svansson*  
500.000

Sögusetur íslenska hestsins. Íslenski hesturinn – þjóðarhesturinn - efling og uppgangur við fullveldi.  
*Ábyrgðaraðili: Kristinn Hugason*  
1.000.000

Sögusetur íslenska hestsins. Íslenski hesturinn – þjóðarhesturinn - Útgáfa bókar um íslenska hrossarækt og hestamennsku.  
*Ábyrgðaraðili: Kristinn Hugason*  
750.000 með fyrirvara um fjármögnun í heild

Landsmóts myndefni - kaup og vinnsla á myndefni fyrri Landsmóta og vistun í WorldFeng.  
Umsækjendur: Landsmót ehf., Landssamband hestamannafélaga og WorldFengs verkefnið.  
4.000.000  
*Ábyrgðaraðilar: Lárus Ástmar Hannesson og Jón Baldur Lorange.*

Bændasamtök Íslands og Kristín Halldórsdóttir Gagnabanki og upplýsingaveita um íslenska hrossaliti (2)

*Ábyrgðaraðilar: Kristín Halldórsdóttir og Þorberg Þorbergsson.*

900.000



Bændasamtök Íslands



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra  
Kristján Þór Júlíusson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. maí 2018

Bændasamtök Íslands og Félag hrossabænda vilja með bréfi þessu beina þeim tilmælum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að beita sér fyrir breytingu á 6. grein laga um útflutning hrossa nr. 27/2011.

Þar er kveðið á um að af hverju útfluttu hrossi skuli greiða 1.500 kr. gjald í stofnverndarsjóð skv. 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998.

Sú breyting sem mælst er til að sé gerð er að hækka fyrrgreint gjald í stofnverndarsjóð úr 1.500 kr. í 3.500 kr. Aðalfundur Félags hrossabænda hefur samþykkt ályktun þar sem farið er fram á þessa hækkun. Fagråd í hrossarækt hefur jafnframt samþykkt sambærilega beiðni. Áætlaðar árstekjur eftir hækkun gjaldsins eru áætlaðar tæpar 4,7 milljónir króna, en þær eru nú um það bil 2,2 milljónir króna árlega.

Áhrifin deilast á þá fjölmörgu kaupendur sem eru að hrossum frá Íslandi og eru ekki íþyngjandi. Árið 2016 voru flutt út 1.474 hross og var FOB verð þeirra samtals tæpar 970 milljónir króna. Árið 2017 voru flutt út 1.254 hross fyrir rúmar 750 milljónir króna. Hlutfall gjaldsins eftir hækkun er á bilinu 0,52-0,58% af heildar FOB verðmætinu.

Gert er ráð fyrir að gjaldið renni áfram óskipt í stofnverndarsjóðinn og verði ráðstafað samkvæmt þeim reglum sem um hann gilda og kveðið er á um í reglugerð 1123/2015. Auknar tekjur munu efla sjóðinn við að takast á við þau verkefni sem honum er ætlað að styðja við skv. reglugerðinni. Sjóðurinn er í vörslu Bændasamtaka Íslands og samtökin óska eftir því að ráðuneytið beiti sér fyrir framangreindri breytingu sem fyrst í samræmi við eindreginn vilja búgreinarinnar sjálfar. Ekki fellur aukinn kostnaður á ríkið við þessa breytingu þar sem að Bændasamtökin annast innheimtuna.

Bréflega var fyrst farið fram á þetta þann 24. nóvember 2015. Efnisleg svör fengust ekki fyrr en 22. febrúar 2017 þar sem óskað var margvíslegra upplýsinga um útflutning hrossa og úthlutanir úr stofnverndarsjóði. Því var svarað með bréfi til ráðuneytisins 31. mars 2017. Í því bréfi er farið yfir tekjur og styrkveitingar Stofnverndarsjóðs frá 2012-2016 og umfang

hrossaútflytningu í heild. Bréfinu fylgdu einnig ársreikningar 2012-2016. Vísað er til bréfsins varðandi gögn um það tímabil. Síðan þá hefur málið ekki hreyfst.

Stofnverndarsjóður er hrossaræktarstarfinu gríðarlega mikilvægur. Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknarverkefna í hrossarækt sem skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika hans og/eða til að auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Búgreinin hefur tímabundið aukið svigrúm til að úthluta úr sjóðnum skv. ákvæðum reglugerðar um hann. Það hefur sýnt sig að mikil þörf er fyrir stuðning við ýmis konar þróunarstarf í hrossarækt. Því er mikilvægt að sjóðurinn haldi styrk sínum og því þarf að styrkja tekjustofn hans. Það er bara hægt að gera með því að hækka gjaldið sem er hans eina tekjulind.

Almennt er ekki heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins að raungildi sbr. 3. gr. reglugerðar 1123/2015. Undir venjulegum kringumstæðum er því takmarkað fé til ráðstöfunar í ár hvert. Á árunum 2015–2020 er þó heimilt að ganga á sjóðinn skv. ákvæði til bráðabirgða í framangreindri reglugerð.

Á árunum 2012-14 var að meðaltali úthlutað um 2,7 milljónum króna á ári, en á árunum 2015-17 hefur verið úthlutað að meðaltali 12,5 milljónum króna á ári. Gengið hefur verið á sjóðinn og eigið fé hans í árslok 2017 var kr. 85.543.817.

Þessar rýmri heimildir hafa gert sjóðnum kleyft að ýta mun meira en áður undir þróunar og rannsóknarverkefni í hrossarækt. Það hefur mikla þýðingu fyrir framþróun í greininni í heild og hefur gert kleyft að ráðast í verkefni sem voru orðin löngu tímabær.

En með þessu gengur augljóslega á sjóðinn. Með hækkingu gjaldsins vill hrossaræktin freista þess að byggja sjóðinn upp til framtíðar litið, þannig að hann hafi meira afl til að styðja við nauðsynleg verkefni þegar að eldri reglur um ráðstöfun taka gildi að nýju árið 2021. Það er sátt um þetta innan greinarinnar eins og að framan greinir enda er þetta eini þróunarsjóður hrossaræktarinnar.

Bændasamtök Íslands og Félag hrossabænda vilja því ítreka framangreind tilmæli um að ráðherra beiti sér fyrir framangreindri lagabreytingu svo fljótt sem verða má.


Virðingarfyllst,

f.h. Félags hrossabænda



Sveinn Steinarsson  
formaður

f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Eypórsson  
framkvæmdastjóri

*Fylgiskjöl*

*Ársreikningur Stofnverndarsjóðs 2017*

*Yfirlit yfir styrkveitingar Stofnverndarsjóðs 2017*